

80. fundur í **Safna- og menningamálanefnd** var haldinn í Ráðhúsinu mánudaginn 12. september 2011 kl. 17:00.

Mætt voru: Formaðurinn, Dagbjört Höskuldsdóttir, Elísabet Lára Björgvinsdóttir, Símon Már Sturluson, Ragnheiður Óladóttir og Ólafur S. Ottósson, sem ritar fundargerð. Árni Valgeirsson hafði ekki aðstöðu, vinnu sinnar vegna, til þess að mæta á boðuðum fundartíma en tók þátt í fundinum frá kl. 18:00.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá:

1. Yfirlit yfir gang mála hjá Amtbókasafni
2. Safnamál almennt
3. Norðurljósahátíð 2012
4. Menningartengd ferðaþjónusta – hvað er nú það?
5. Formaður segir frá starfi Menningarráðs Vesturlands og fundi með Markaðsstofu Vesturlands
6. Önnur mál.

Formaður setti fundinn kl. 17:05 og lagði fram ofangreinda dagskrá.

1. **Amtbókasafnið:** Ragnheiður Óladóttir greindi frá því helsta í starfsemi bókasafnsins sem á döfinni hefur verið síðustu mánuði. Kom m.a. fram í máli hennar að rekstur safnsins hafi verið ágætur þótt heldur hafi dregið úr útlánum á DVD. Þá hefur einnig verið dregið markvisst úr innkaupum vegna minni fjárveitinga til bókakaupa. Árni Valgeirsson hefur unnið í safninu í sumarafleysingum en hefur nú byrjað á nýju verkefni, sem felst í frágangi skjala, sem síðan verða send þjóðskjalasafni til varðveislu. Ragnheiður hefur einnig haft tilsjón með rekstri Vatnasafnsins og í sumar notið til þess aðstoðar gæslumanns, virka daga vikunnar. Í íbúð listamanna í kjallara Vatnasafnsins hefur undanfarna mánuði verið rithöfundurinn Julie Ault frá Bandaríkjunum en áformað er að hennar dvöl ljúki í október n.k.
2. **Safnamál almennt:** Í umræðum um þetta mál kom m.a. fram hjá formanni, að reynt hefur verið, að ná fundi ábyrgðaraðila reksturs Vatnasafnsins til þess að ræða framtíðarmálefni þess og skipulegri nýtingu á listamannsíbúðinni og rekstri Vatnasafnsins yfirleitt. Mun það vonandi skila árangri nú í haust. Fram kom einnig í máli formanns að aðsókn að hinum ýmsu söfnum bæjarins hefur verið þokkaleg í sumar nema e.t.v. í júní og þá væntanlega vegna tíðarfarsins í þeim mánuði. Ragnheiður skýrði frá því að áformað væri, að núverandi gestur listamannsíbúðarinnar í Vatnasafninu, Julie Ault, stæði fyrir dagskrá fyrir almenning fyrir lok dvalar sinnar í Stykkishólmi.

Í umræðum um safnamálin kom fram, að mikill og almennur áhugi er fyrir því að lengja opnunartíma safnanna og hafa þau að einhverju leiti opin allt árið um kring. Vandinn er sá aukni rekstrarkostnaður, sem af því yrði og urðu nokkrar vangaveltur í nefndinni um það, hvort hugsanlegt væri að stofna sjálfboðaliðahóp „safnavina“, sem gætu skiptst á um að annast þetta verkefni og m.a. sinna beiðnum frá ferðamannahópum um aðgang utan reglubundins opnunartíma safnanna og fengju þeir til þess þjálfun og kennslu frá viðkomandi safnvörðum. Voru nefndarmenn jákvæðir með að þetta yrði skoðað, en hugmyndin kom frá Ólafi Ottóssyni. Þessari hugmynd, sem nánar þyrfti að útfæra í öllum aðalatriðum áður en auglýst yrði eftir áhugasömum þátttakendum, er hér með komið á framfæri við rétt yfirvöld!

3. **Norðurljóshátíð 2012:** Ljóst er að ekki er raunhæft að reikna með að unnt verði í ár að efna til svo viðamikils viðburðar, sem Norðurljóshátíðin sannarlega varð haustið 2010. Bæði er að tíminn er naumur til stefnu svo og að kirkjan er ekki tiltæk nú í haust til tónleikahalds vegna undirbúnings og uppsetningar á nýju orgeli.
Kom m.a. fram í umræðum í nefndinni að ekki sé sjálfgefið að Norðurljóshátíð verði árlegur viðburður heldur verði kannske frekar efnt til hennar annað hvert ár. Mikil vinna liggur á bak við svona hátíð og ekki auðvelt að gera það á svo skömmum tíma sem gert var í fyrra. Leggur nefndin mikla áherslu á að ákvörðun bæjarstjórnar um hátíð að ári verði tekin sem fyrst, í öllu falli fyrir næstu áramót. Verði ákveðið að efna til hátíðarinnar, þarf að áætla fjárframlag til undirbúnings hennar og skipa undirbúningsnefnd.
4. **Meningartengd ferðapjónusta:** Rætt var um þá margvíslegu möguleika, sem þess háttar ferðapjónusta felur í sér fyrir íbúa Stykkishólms og að nauðsynlegt sé að standa skipulega að eflingu þessa málaflokks. Til greina kæmi að gera formlega úttekt á þeim möguleikum, sem fyrir hendi eru og ráða til þess, tímabundið, þar til hæfan aðila. Fram kom að mikil eftirspurn er eftir hvers kyns kynningarefni um sögu svæðisins, mannlífið í eyjunum, dýralífið, gömlu húsin o.s.frv., o.s.frv.
5. Fréttir af fundi **menningarráðs Vesturlands** : Formaðurinn skýrði frá þátttöku sinni í fundarhöldum ráðsins og starfsemi **Markaðsstofu Vesturlands**, sem kynnt var á fundi ráðsins. Formaðmaður hvatti til að vel yrði fylgst með auglýsingu Menningarráðs nú í haust og reynt að hvetja til að sótt yrði um að fá fjármagn til verkefna, til dæmis til verkefna sem lúta að menningartengdri ferðapjónustu í Stykkishólmi.
6. **Önnur mál** voru ekki á dagskrá og fundi slitið kl. 18:40.